

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2017

EFNI: *Krafa um að starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir Háafell ehf. til sjókvíaeldis, útgefið hinn 25. október 2016, verði fellt úr gildi.*

Hér á eftir fara athugasemdir eins og boðaðar voru í erindum til Skipulagsstofnunar (6. jan. 2015) og Umhverfisstofnunar (2. júní 2016).

Með erindi þessu er þess krafist að starfsleyfi Umhverfisstofnunar til sjókvíaeldis, sem veitt var Háafelli ehf. 25. október 2016, verði fellt úr gildi eða afturkallað.

Veiting leyfisins stríðir gegn lögmætisreglu stjórnisyluréttar. Ennfremur gegn andmælarétti og rannsóknarreglu sama réttar. Þá er brotið gegn sjónarmiðum er eiga við um skyldubundið mat stjórnvalda.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir Háafell ehf. til sjókvíaeldis á laxfiskum í innanverðu Ísafjarðardjúpi, sem við teljum að stangist á við lög og reglugerðir um slíka starfsemi hér við land. Rök stofnunarinnar fyrir þessari leyfisveitingu og svör við athugasemdum við hana byggjast á misskilningi og mistúlkunum.

Við teljum því að ákvörðun stofnunarinnar um veitingu starfsleyfis brjóti gegn markmiði laga nr. 71/2008 um fiskeldi um að „... stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna.“ Ennfremur að ákvörðun og málsferð séu ekki í samræmi við lög um stjórnisylu og gangi þvert á vísindalegt mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis í svo stórum stíl sem þarna er í bígerð, svo sem á fugla, fiskstofna, náttúruvinjar, samfélagsþætti og sérstætt náttúrufer sem mun allt bíða varanlegan skaða ef af starfseminni verður. Þá stangast leyfi fyrir slíkri starfsemi á við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist um náttúruvernd og rétt almennra borgara til að verjast ásókn stórfyrirtækja sem ógna náttúrunni og hagsmunum almennings.

Umhverfisstofnun hefur ekki skilgreint vandann sem við er að etja og þær afleiðingar sem stórfellt sjókvíaeldi hefur á lífríkið. Ekkert í gögnum stofnunarinnar gefur til kynna að tekið hafi verið tillit til fyrirliggjandi þekkingar á umhverfisáhrifum fiskeldis í opnum sjókvíum. Hvorki liggur fyrir viðunandi burðarþolsmat, byggt á langtímarannsóknnum og nauðsynlegum mengunarvörnum, né mat á verndargildi náttúrunnar. Eigendur flestra jarðanna í Djúpinu vita tæpast sitt rjúkandi ráð og spyrja hvort þeir eigi sjálfir að kosta áhættumat og meta verndargildi svæðisins þegar einhver annar hefur hug á að spilla því? Þeir hafa sérstaklega óskað eftir að NASF komi sjónarmiðum þeirra á framfæri.

Umhverfisstofnun getur þess t. d. hvergi í starfsleyfi sínu að næsta á við sjókvíarnar er Laugardalsá. Samkvæmt mælingum á korti eru tæplega 10 km í staðsetningu kvía við Ögurnes í gönguleið laxa í allar ár inndjúpsins, tæpir 5 km í staðsetningu kvía innan Æðeyjar, einnig staðsetningar kvía út af Kaldalóni og á Mjóafirði við Vatnsfjarðarnes.

Laugardalsá rennur gegnum tvö góð silungsvötn þar sem eru bæði staðbundinn urriði og bleikja, fiskur sem íbúar dalsins lifðu á áður en rafmagn og frystikistur komu til sögunnar. Ekki er að finna orð frá Umhverfisstofnun um hver áhrif regnbogasilungur geti haft á þá stofna. Álag af slyasleppingum og sleppifiski verður mest á Laugardalsá af öllum ám Djúpsins vegna legu sinnar og gerðar þar sem stutt er frá sjó upp í vatn, tæpir 4 km og mjög greið leið. Lax hefur verið í Laugardalsá frá alda öðli þó ekki væri laxgengt nema stuttan spotta þar til fiskvegur var gerður árið 1969. Um meðaltalsveiði vísast til Veiðimálastofnunar. Í góðum árum veiðast yfir 500 laxar í Laugardalsá, síðast árið 2015 þegar 531 lax kom á land. Telja verður líklegt að laxastofn árinna sé stærri en aflatölur gefa til kynna vegna vatnanna.

Ef þessi eldisáform ná fram að ganga verðfellir það veiðiréttindi jarða við ána því stangveiðimenn vilja ekki sjá eldisfisk í ánum, allra síst erlendir veiðimenn. Að lokum benda þessir heiðursmenn á að samkvæmt mati stjórnvalda er veiðiréttur jarðanna verðmætasti hluti eignanna og því verði að horfa til stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Þá skortir áhættumat á áhrifum eldisins á villta fugla og nytjafugla á svæðinu. Sérfræðinganefnd um framandi lífverur hefur ekkert fjallað um (eins og lögboðið er) hvort ásættanlegt sé að sleppa regnbogasilungi (framandi fisktegund) eða kynbættum norskum eldislaxi (sem framkvæmdaaðili hefur óskað eftir að ala), út í íslenska náttúru vegna augljósrar hættu af fyrirsjáanlegri kynblöndun og vistfræðilegum áhrifum laxfiska sem sleppa úr eldinu. Þá eru ótalin áhrif á ásýnd landsins, hvernig eldi af þessari stærðargráðu orkar á innviði samfélagsins, nábylirétt, ferðaþjónustu, samgöngukerfi, útivist og aðra landnotkun – að ógleymdum áhrifum á fiska og allt vistkerfi sjávar og strandlengju í Djúpinu.

Málið er því illa undirbúið og vanreifað – auk þess sem staðsetning umræddra sjókvía stenst ekki lágmarkskröfur sem gerðar eru til staðsetningar sjókvía til fiskeldis, skv. *reglugerð um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna* (nr. 105/2000). Þar segir:

4.2. Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar- og sjókvíastöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær laxveiðiám með yfir 100 laxa meðalveiði s.l. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar, má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km. Vegalengd milli sjókvía-, strandeldis- og hafbeitarstöðva innbyrðis skal ekki vera minni en 2 km. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli. Veiðimálastjóri getur vikið tímabundið frá þessum lágmarksfjarlægðum og veitt skilyrt leyfi til allt að tveggja ára samkvæmt beiðni eldisaðila, enda liggi fyrir jákvæð umsögn fisksjúkdómanefndar. Einnig skal leitað umsagna veiðiréttareiganda innan ofanefndra fjarlægðarmarka.

Í gögnum málsins kemur fram að Umhverfisstofnun hefur kosið að túlka þessa reglugerð þannig að gerð sé krafa um 500 fiska *afla* í *einni* tiltekinni á. Reglugerðin er hins vegar ótvíræð í því að tala um *veiði*, þ. e. hvern veiddan fisk í þeim skilningi að veiðimaður hafi náð valdi á fiskinum og skráð hann sem veiði í veiðibækur en hugtakið *afla* á eingöngu við um þann fisk sem drepinn er. Öllu alvarlegri er sú rangtúlkun Umhverfisstofnunar að halda því fram að reglan eigi aðeins við um veiði í einni á. Miðað við slíka túlkun hefði verið eðlilegra að reglan hljóðaði svo (sbr. greinargerð í

fylgiskjali): „...ekki nær laxveiðiá (m) með yfir 100 laxa meðalveiði s.l. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða á (r) með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km.“

Ástæðan fyrir því að í reglugerðinni er talað um ár í fleirtölu er sú að verið er að tala um samanlagða veiði á viðkomandi svæði eins og sjá má af lögum nr. 71 frá 2008 þar sem talað er um viðbótarheimildir ráðherra til að þrengja enn frekar að leyfisveitingum til fiskeldis með því að banna það vegna: „fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.“

Ljóst er að textinn er skýr og túlkun stjórnvaldsins röng. Ennfremur er ljóst að undirliggjandi hugmynd þessa lagatexta er sú að taka verði heildrænt tillit til umhverfisins. Því verður að gera þá kröfu að stofnanir ríkisins leiti ekki allra leiða og hafi í frammi útúrslúninga til að víkja sér undan yfirlýstum tilgangi laganna um að „vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við áreiti, fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum.“

Þá tilgreinir Umhverfisstofnun eingöngu eitt vatnasvæði (Langadalsá og Hvannadalsá) í stað allra vatnasvæðanna sem eru innan 15 km radíusar frá fyrirhuguðum eldisstöðum. Stofnunin lætur því undir höfuð leggjast að geta þess að heildarveiðin í ám innan 15 km fjarlægðar frá fyrirhuguðum fiskeldiskvíum er nálægt 1000 löxum (sbr. fylgiskjal) og því snýst vafinn alls ekki um það hvort lax sem sleppt er sé talinn með eða ekki – eins og Umhverfisstofnun gerir að aðalatriði í málflutningi sínum. Forsendur leyfisveitingar stofnunarinnar eru því með öllu rangar.

Enda þótt umrædd reglugerð fjalli eingöngu um laxa er vert að benda á að aðrir laxfiskar, þ. e. bleikja og urriði, eru einnig í hættu vegna lúsasmits og sjúkdóma sem herja á alla laxfiska jafnt og því er vert að halda því til haga að heildarveiði sjógenginna laxfiska á þessu svæði við innanvert Ísafjarðardjúp er milli 1500 og 2000 fiskar – og má þá gera ráð fyrir að sjóbirtings- og sjóbleikjuveiðin sé vantalin.

Fyrirhuguð staðsetning á sjókvíum í innanverðu Ísafjarðardjúpi brýtur því í bága við þær reglur og lög sem í gildi eru um heimilaða staðsetningu á sjókvíaeldi á laxfiski við Íslandsstrendur.

Vart sýnist þurfa að deila um framangreind rök undirritaðra en máli okkar til stuðnings eru hjálögð gögn: (fskj 1) samantekt NASF, (fskj 2) frá Sigurði Má Hafrannsóknarstofnun, (fskj 3, 3a og 3b) frá Gísla Viggóssyni, fv. sérfræðingi Siglingamálastofnunar, fskj 4 frá Ágústi Heimi Ólafssyni endurskoðanda og Atla Árdal Ólafssyni Rauðamáryri við Djúp, fskj 5 málfarsskýringar frá Gísla Sigurðssyni, Dr. Phil. rannsóknarprófessor við Árnastofnun.

### **VILLTIR LAXASTOFNAR, DÝRMÆTASTIR FISKSTOFNA VIÐ ÍSLAND**

Tekið skal fram að miðað við auðlindagjöld, ímyndina og nánast engan kostnað skattgreiðenda, eru laxfiskar dýrmætasti fiskstofn landsins. Gróflega áætlað má gera ráð fyrir að um sextíu þúsund krónur (ISK 60.000) séu greiddar til veiðiréttareigenda fyrir hvern veiddan lax en til samanburðar má geta þess að skv. ákvörðun veiðigjaldsnefndar um veiðigjald fiskveiðiárið 2016/17 skal greiða 11 krónur og níu aura (ISK 11,09) fyrir hvert veitt kíló af þorski í veiðigjald.

Starfsleyfi Umhverfisstofnunar stríðir í öllum atriðum gegn meginmarkmiðum laga um náttúruvernd frá 2013 nr. 60 10. apríl, gildissvið og skilgreiningar, almenna aðgæslu, vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku (8. gr.), varúðarreglu, **mat á heildarálagi** og ábyrgð. Ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa og jarðfræði landsins. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Krafa um þekkingu skal vera í samræmi við eðli ákvörðunar og væntanleg áhrif hennar á náttúruna. Ljóst er að Umhverfisstofnun hefur ekki viðhaft löglega málsmeðferð við undirbúning og útgáfu starfsleyfisins og við teljum að brotið sé gegn greiningu, rannsóknarreglu og andmælarétti í skilningi stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Jafnframt hefur verið látið hjá líða að rannsaka málið og komast að rökstuddri niðurstöðu út frá eigin forsendum varðandi 1., 2., og 8. gr. náttúruverndarlaga og varúðarreglu 9. gr. sömu laga, ákvæði 1., 2., 7., 8. og 10. gr. laga um fiskeldi og 11. og 12. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi.

Einnig eru þetta brot á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2011/92/ESB 2013/EES/14/03 frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið, og ákvæði Árórsarsamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum og ákvæðum Bernarsamningsins um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

Sérstaklega er bent á ábyrgð Umhverfisstofnunar um að náttúru Íslands sé hvergi spillt og brot á 1. gr. laga um fiskeldi þar sem meðal annars segir að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á þeim og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Við leyfisveitingu þar Umhverfisstofnun að gæta að skilyrðum 2. mgr. 13. gr laga (nr. 106/2000) um að kynna sér matskýrslu framkvæmdaáðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. T. d. ber Umhverfisstofnun að kanna mengun sem óhjákvæmilega leiðir af fiskeldi í sjókvíum í skilningi laga um hollustuhætti og mengunarvernd nr. 7/1998 og rannsaka og meta sjálfstætt öll áhrif framkvæmda á náttúruna, þar með talið erfðamengun af völdum laxa sem sleppa ef eldi á laxi með kynbættum framandi norskum stofnum kemur í stað eldis á regnbogasilungi eins og gefið hefur verið til kynna. Þá hefur Umhverfisstofnun ekki látið rannsaka sérstaklega eða lagt mat á hættuna á umhverfistjóni.

### **FRAMANDI VERUR**

Áður en hægt er að leyfa að framandi verur séu settar í nýtt umhverfi hér á landi eða heimild veitt til að stækka og auka við áður útgefin leyfi, þarf að fara fram ítarleg matsgreining, m. a. hjá sérfræðinganevnd um framandi lífverur sem starfar samkvæmt 63. gr. laga um náttúrunefnd nr. 60/2013

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>

Umhverfisstofnun virðist ekki hafa sinnt þessu lagaákvæði því samkv. bréfi, dags. 11.11.2016, (fskj 6) frá formanni nefndarinnar Stefaníu Þorgeirsdóttur, hefur viðkomandi nefnd alls ekki fjallað um þetta mál.

### **LAGAHEIMILD EKKI FYRIR HENDI**

Bent er á að skilyrði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um skilríki um heimild til afnota af landi, vatni og sjó eru fortakslaus og því ekki á færi Umhverfis- eða Matvælastofnunar að veita starfs- eða rekstrarleyfi án þeirra og samkvæmt 2. ml. 40. gr. stjórnarskrárinnar

getur íslenska ríkið ekki afhent eignar- eða afnotarétt að hafsvæði við landið – utan netalaga en innan landhelginnar, sbr. lög nr. 41/1979. Því er ekki fyrir hendi sérstök lagaheimild til hinnar tilteknu ráðstöfunar hafsvæðisins, né heimild í lögum til handa stjórnarsýsluhöfum að stofna til einstaklingsbundinna afnota manna af hafsvæðum umhverfis landið. Tilvist skilríkja er forsenda fyrir veitingu starfs- og rekstrarleyfa.

## UM NÁBÝLISRÉTTINN

Nábýlisreglu í fornlögum má finna í Landleigubálki (56) Jónsbókar þar sem segir:

*„Vötn öll skulu svá renna sem at fornu runnit hafa; veit það engi maður af bæ eða á bæ annars, nema þat brjóti sjálf.“*

Í undirbúningi málsins hefur ekkert tillit verið tekið til heildarmyndar Ísafjarðardjúps, sem myndi gjörbreytast með tilkomu risafiskeldis. Ásýnd náttúrunnar og yfirbragð myndi breytast með afgerandi og neikvæðum hætti frá sjónarhorni þeirra sem sækjast eftir hvers kyns útivist og áhrifum óspilltrar náttúru. Þannig myndi aðdráttarafl svæðisins minnka fyrir íbúa þess, sumarbústaðaeigendur, ferðaþjónustuaðila og ferðamenn eins og rækilega kemur fram í hjálögðum bréfum frá Þorleifi Pálssyni, sem hefur verið búsettur á Ísafirði í nær hálfu öld, hefur reist sér sumarhús við innanvert Djúpið og tekið þátt í uppbyggingu laxveiða þar (fskj 7) og frá Haraldi Eiríkssyni (fskj 8). Þessi staðreynd er dregin fram til að varpa ljósi á að ítarleg greining eða mat á gildi svæðisins hefur ekki farið fram og strandsvæðaáætlun liggur ekki fyrir. Enn á ný er því komið í veg fyrir að landeigendur og aðrir hagsmunaaðilar fái grunnmynd af þeim breytingum sem yrðu í kjölfar fyrirhugaðra framkvæmda. Slík grunnmynd er forsenda þess að menn geti mótað ítarlega og rökstudda afstöðu, og tryggt sig fyrir röskun á þeim miklu verðmætum sem eru fólgin í ósnortinni náttúru fyrir hvers konar vistvæna atvinnustarfsemi og sjálfbæra landnýtingu.

Engin greining liggur fyrir um nábýlisrétt á svæðinu. Bent er á að meginregla í íslenskrí stjórnskipun er að eignarrétturinn er friðhelgur. Þessa meginreglu má finna í 72. grein stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Jafnframt er friðhelgi eignarréttar varin í [1. gr](#) 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu sem var staðfestur á Íslandi með lögum nr. 19/1994.

Það er óumdeilt að heildaryfirsýn vantar, enda hefur umhverfisráðherra lagt fram frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða – og er sérstaklega tekið fram að það sé m. a. gert vegna fiskeldis. Þetta staðfestir glögg alvarleika málsins og þörf á úrbótum. Í skýringum með frumvarpinu segir m. a.: „Aukin starfsemi á þessum svæðum og **skortur á yfirsýn yfir og stefnumótun um starfsemi hafi sýnt fram á þörf** fyrir haf- og strandsvæðaskipulag“.

Sjá einnig frétt og frumvarpið: (fskj 9)

<https://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/frumvarp-um-skipulag-haf-og-strandsvaeda-i-umsagnarferli>

og (fskj 10)

[https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/231116-Frumvarp-til-laga-um-skipulag-haf-og-strandsvaeda---drog.pdf](https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/231116-Frumvarp-til-laga-um-skipulag-haf-og-strandsvaeda---drog.pdf)

## BROT Á LÖGUM UM NÁTTÚRUVERNÐ

Samkvæmt 2. og 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, skal standa vörð um og efla

vistkerfi landsins og meta áhrif framkvæmda á náttúru svæðis. Áhrifin skulu metin út frá því **heildarálagi** sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir. Í 9. gr. sömu laga er að finna varúðarreglu sem kveður á um að ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skuli skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til aðgerða sem geti dregið úr eða komið í veg fyrir spjöllin.

Bent skal á að í 10. gr. laga um fiskeldi (71/2008) er kveðið á um varúðarráðstafanir „til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur.” Ekkert liggur fyrir um þetta annað en afar slæm reynsla af laxeldi í Noregi og Kanada.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er að finna markmið laganna sem eru m. a. að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega og líffræðilega fjölbreytni þeirra á náttúrulegum búsvæðum. Stóraukið fiskeldi í opnum sjókvíum gengur þvert á þau markmið. Eldisfiskur sleppur alltaf úr slíkum kvíum. Amerískur regnbogasilungur eða kynbættur eldislax af norskum uppruna mun því óhjákvæmilega ganga upp í íslenskar ár og laxinn blandast þeim villtu stofnum sem fyrir eru og spilla erfðaeiginleikum sem þeir hafa þróað með sér frá lokum síðustu ísaldar. Regnbogasilungur er algjörlega framandi í íslenskri náttúru og hefur reynst mjög ágengur gagnvart öðrum fisktegundum þar sem hann hefur sloppið út í villta náttúru úr eldi utan sinna náttúrulegu heimkynna. Hann keppir við villta fiska um æti. Þá er hann sérstaklega hættulegur smitberi og ber sjúkdómssmit í sér lengi eftir að hann sleppur út. Samkvæmt 8. gr. sömu laga er fjallað um vísindalegan grundvöll ákvarðanatöku en sú regla tvinnast óneitanlega saman við 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um rannsóknarregluna.

Eins og áður er getið er ströng 15 km friðunarregla og skv. lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði er miðað við að netlög sjávarjarða nái 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði. Á Vestfjörðum er víða mikið útfiri og þar sem firðir eru frekar grunnir er ljóst að netlög ná víðast hvar lengra en 115 metra frá ströndinni. Margar fiskeldisframkvæmdir ógna þannig hagsmunum landeigenda því á hverju flóði berst mengun og óþrifnaður upp í fjörurnar, stórskaðar náttúrunytjar (m. a. þara og krækling), útivist og fuglalíf. Á sama svæði og sótt er um fyrirhugað fiskeldi eru í hættu nokkur af stærstu æðarvörpum á Íslandi, m. a. friðlýst æðarvörp eins og vikið verður að síðar. Í viðhengi má sjá myndir (fskj 11 og fskj 12) sem sýna grút og saurmengun frá sjóeldiskví við Mýrar í Dýrafirði, eitt stærsta æðarvarp á Íslandi.

Til dreifingar á kynbættum laxi af norskum uppruna í íslenskri náttúru þarf sérstakt leyfi. Umsókn um slíkt leyfi skal fylgja áhættumat sem umsækjandi semur eða lætur semja. Það er vafasamt að stjórnvald geti byggt ákvarðanir sínar á slíku mati sem hagsmunaaðilinn sjálfur leggur fram, sérstaklega í ljósi rannsóknarreglunnar sem Umhverfisstofnun ber að fylgja en hefur að engu.

Ísland er aðili að lífríkis- og fuglaverndarsáttmálum sem taka verður tillit til við leyfisveitingu til fiskeldis í opnum sjókvíum. Vekja ber athygli á úrskurði EFTA frá 4. maí 2016 þar sem stofnunin telur íslenska löggjöf ekki vernda hagsmunaaðila í kærumálum eins og ætlast er til og fer fram á að Evróputilskipun um þetta efni sé fylgt í hvívetna og að hún sé réttilega innleidd.

Mikil fjölgun umsókna um fiskeldi í opnum sjókvíum hér við land er áhyggjuefni, sér í lagi þar sem heildarstefnumótun fyrir fiskeldi á Íslandi skortir – eins og yfirvöld hafa nú

viðurkennt. Þar af leiðir að engin varúðarsjónarmið hafa verið lögð til grundvallar, líkt og lög um náttúruvernd mæla fyrir um. Þetta stefnuleysi birtist t. a. m. í því að skilríki um heimild til afnota af svæði á að fylgja umsókn til Matvælastofnunar um leyfi til fiskeldis. Hins vegar eru slík hafsvæði yfirleitt utan lögsögu landeiganda og engar íslenskar lagaheimildir veita nokkurri stofnun leyfi til að ráðskast með hafsvæðið utan netalaganna í þágu einstaklinga eða fyrirtækja. Annað dæmi er förgun úrgangs en ströng lög gilda um förgun úrgangs úr skipum og fiskvinnslu. Hins vegar fer mikill úrgangur úr fiskeldinu í sjóinn og undir kvíunum verður því botnlæg mengun vegna fódurleifa, saurs og lyfja. Þótt lyf séu lítið notuð enn sem komið er í sjókvíaelði hér við land verður að taka mið af því að í öðrum löndum vex lyfjanotkun alls staðar ótæpilega þar sem laxeldi er stundað í miklum mæli í opnum sjókvímum – eins og nú er í ráði að gera hér.

### **FISKELDI VIÐ ÍSLAND FRAM TIL ÞESSA ER EKKI SAMBÆRILEGT VIÐ ÁFORMAÐ RISAELDI**

Fiskeldismenn hafa notið þess hingað til að vegna smæðar fiskeldis á Íslandi hefur verið hægt að takmarka lyfjanotkun við framleiðsluna hér á landi. Það hefur þó lítið forspárgildi fyrir áformað risaeldi. Þrátt fyrir góðan ásetning er ólíklegt að það takist að halda áfram á sömu braut enda er ekkert í lögum eða reglugerðum sem bannar notkun lyfja og hvaða dýralæknir sem er getur heimilað slíka notkun. Reynslan frá nágrennalöndunum sýnir að stóraukið eldi kallar óhjákvæmilega á aukna lyfjanotkun. Hluti þessara lyfja fellur til botns ellegar berst burt með sjávarstraumum, og hefur slæm og eyðandi áhrif á hrygningarstöðvar fisks og skeldýra. Rækjuútgerðir í Noregi og í Færeyjum hafa t. d. lýst alvarlegum áhrifum lyfja á veiðar í nágrenni eldiskvía.

Í þessu samhengi sætir furðu að ekki skuli hafa verið tekið tillit til hinna gjöfulu rækju- og fiskimiða í Djúpinu því reynsla annarra þjóða er sú að skelfiskveiði hrakar fljótt í námunda við stórfellt fiskeldi. Hér á landi hefur aukinn styrkur þrávirkra efna nú þegar mælst í kræklingi í Mjóafirði eystra og var sú aukning með góðum rökum rakin til fiskeldis í firðinum, eins og fram kom í rannsókn Berglindar Óskar Alfreðsdóttur sem segir þetta í niðurstöðum sínum um hækkunina á PAH-efnum í kræklingnum: „Líklega má rekja hækkunina í Mjóafirði til aukinna umsvifa í firðinum í tengslum við fiskeldi.“ (fskj 13) sbr. <http://skemman.is/item/view/1946/19893>.

Öllum þessum náttúrugæðum og auðlindum í Ísafjarðardjúpi væri stefnt í voða með mengandi og áhættusömu laxeldi. Þessi eitrun getur verið sérstaklega hættuleg og dregið skelfisk til dauða en þá er of seint að leita að leifum eitursins, eins og fram kemur hér: )fskj 14) <http://www.nord24.no/fiskeri-og-havbruk/lakselusi/havforskningsinstituttet/lusemiddel-drepte-reker-uten-a-etterlate-spor/s/5-32-77667#am-commentArea>

Sífelld berast nýjar fréttir um mengun frá fiskeldi, sbr. þetta: (Fskj 15) ["Salmon industry toxins soar by 1000 per cent"](#)

(Fskj 16) [Press Release: Scottish Salmon's Lethal Legacy - Ten-fold increase in toxic chemical use in ten years](#)

Erlendir fjárfestar sem hyggjast stunda hér fiskeldi í opnum sjókvímum þurfa nánast ekkert gjald að greiða fyrir umrædda aðstöðu og nýtingarrétt til hins opinbera sem stendur straum af kostnaði við rannsóknir, undirbúning og umsjón. Þetta er ólíkt því sem gerist í Noregi þar sem aðstöðugjöld eru há. Skoðun sérfræðinga NASF á reglum um



fjárfestingar útlendinga í atvinnurekstri á Íslandi bendir til þess að sömu reglur um erlenda fjárfestingu gildi um fiskeldi og um almenna útgerð og fiskvinnslu. Þeim reglum hefur þó ekki verið framfylgt hingað til.

Meginregla umhverfisréttar er að náttúran njóti vafans þegar um matskennda túlkun er að ræða. Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 segir:

„Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“

Meðfylgjandi í viðhengi eru (fskj 17) **Hættukort** og (fskj 18) **Áfangaskýrsla um fréttir af veiddum regnbogasilungi í villtri náttúru**. Bæði kortin sýna þá gríðarlegu hættu sem íslenskri náttúru er búin ef fiskeldisáformin verða að veruleika. Í *Áfangaskýrslunni* er sagt frá könnun sem gerð var meðal almennings á netinu í september 2016. Þar var óskað eftir upplýsingum um strokufiska í íslenskum ám og vötnum. Á stuttum tíma bárust alls um 100 tilkynningar og voru þær sendar Fiskistofu til frekari greiningar. Fiskistofa staðfesti strax nokkra tugi strokufiska og er, eftir því sem best vitað, að vinna að fullkomnari rannsóknarskýrslu. Hættukortið sýnir í fyrsta lagi hvað lax, sem sleppur úr eldi, fer víða og er fljótur í förum. Reynsla er fyrir skaða í ám í allt að 2000 km fjarlægð. Í öðru lagi sýnir kortið að sníkjudýr þ. m. t. lúsalirfur geta borist lifandi allt að 200 km, og í þriðja lagi að sóttkveikjur geta borist allt að 100 km. Á kortinu er vísað í nokkrar vísindarannsóknir sem staðfesta þetta. Allir sérfróðir vísindamenn um þessar hættur, frá Noregi, Írlandi og Kanada hafa tekið undir slíkar staðhæfingar og varað Íslendinga við þeim. Ítrekað hefur verið bent á að þótt sjór kunni að vera kaldur hér við land (sem hefur verið talið koma í veg fyrir útbreiðslu laxalúsar) skipti það nánast engu máli því að stórfellt laxeldi og lúsahætta fari alls staðar saman. Eins og sjá má á kortinu yrðu öll fiskgeng vatnasvæði á Íslandi því innan áhættumarka.

Fjöl margar vísindalegar skýrslur staðfesta þessar hættur og erfðamengun m. a. (fskj 19) erindi og kynning Kjetil Hindar í Reykjavík í apríl 2016.

Sjávarútvegsráðuneyti Kanada lét rannsaka erfðamengun í laxastofnum á Nýfundalandi og Labrador og birti nýlega niðurstöður þar sem fram kemur að erfðamengun af völdum strokufiska úr laxeldi hefði valdið mengun í 17 af þeim 18 ám sem rannsakaðar voru. Sjá: <http://www.cbc.ca/news/canada/newfoundland-labrador/farmed-salmon-mating-with-wild-in-nl-dfo-study-1.3770864>, (fskj 20)

Sjá ennfremur (fskj 21), grein Arnars Pálssonar sem birtist í Fréttablaðinu 5. janúar 2017.

Einnig (fskj 22)

<http://www.nature.com/nature/journal/v536/n7614/full/536008a.html>

## **RÍK AÐGÆSLUSKYLDA, MENGUN SJÁVAR OG SKAÐI Á FUGLALÍFI**

Það virðist vera grundvallarmisskilningur hjá Umhverfisstofnun að hlunnindaeigendur og þeir sem eiga og yrkja nátturunytjar á sjálfbæran hátt eigi að bera ábyrgð og kostnað við varðveislu þeirra þegar framkvæmdamenn, þar með taldir eigendur fiskeldisfyrirtækja, með vitund og vilja stofnunarinnar, vilja breyta ósnortinni náttúru og skaða hana með óafturkræfum afleiðingum. Lög og reglur kveða þó á um annað, eins og



hér hefur verið rakið og sönnunarbyrðin liggur hjá Umhverfisstofnun.

Í þessu tilfelli er um að tefla að fórna meiri hagsmunum fyrir minni, sé eingöngu miðað við upphæð „auðlindagjalda“ sem renna til eigenda veiðiréttar í íslenskum ám og vötnum. Þegar spurt er hvort tillit hafi verið tekið til áhættunnar og verndargilda kemur í ljós að mat á þeim þáttum hefur ekki farið fram. Öll málsmeðferðin hefur þannig miðast við að greiða götu þeirra sem vilja leggja undir sig opin hafsvæði við Ísland til starfsemi í eigin þágu; starfsemi sem mun spilla náttúrunni og valda annarri atvinnustarfsemi í landinu miklum fjárhagslegum skaða.

Í 8. grein náttúruverndarlaga segir: „Ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna skulu eins og kostur er byggjast á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda. 10. gr. stjórnáráðslulaga nr. 37/1993 kveður á um rannsóknarreglu og er stjórnvaldi falið að sjá til þess að mál séu nægjanlega vel kynnt áður en ákvörðun er tekin. Ennfremur er samkvæmt 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kveðið á um verndarmarkmið fyrir vistkerfið o. fl. Samkvæmt 10. gr. sömu laga er skýrt kveðið á um að áhrif á náttúru svæðis skuli meta út frá **því heildarálagi** (leturbreyting okkar) sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir. Í 9. gr. laga nr. 60/2013, sem fjallar um varúðarregluna, stendur: „Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirka aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“

Ekki verður annað séð en að Umhverfisstofnun gangi markvisst gegn öllum ofangreindum lögum og markmiðum og hafi ekki í neinu sinnt upplýsinga- eða rannsóknarskyldu sinni og einfaldlega velt því yfir á þúsundir hagsmunaaðila, sem eiga viðkomandi hlunnindi (hvort sem það er í formi fiska, fugla eða annarra náttúrunytja), að grípa til varna og sjálfstæðra rannsókna til að verjast þessum ásóknum. Yfirvöldum ber að láta meta verndargildi og áhættu af þessu tagi. Stofnunin bendir á fáeina tiltekna staðla sem beri að uppfylla en sem hvergi eru marktækir án þess að nauðsynleg fagleg og djúpstæð greining hafi farið fram. Engin tilraun er gerð til að meta heildarálagið á náttúruna, eins og lögin kalla eftir, og verkefninu er velt yfir á hinn stóra hóp eigenda hlunninda víðs vegar um landið eins og meðfylgjandi hættukort um útbreiðslusvæði fiska sem sleppa úr kvíum, smitsjúkdóma, laxalúsar og annarra sníkjudýra sýnir.

### **Fuglalíf**

Við teljum að fyrirhugað sjókvíeldi á fiski muni ekki aðeins hafa slæm áhrif á sjávarlífverur heldur einnig á fugla. Á Vestfjörðum er mikið fuglalíf (m. a. þrjú af stærstu fuglabjörgum Evrópu) og þar á meðal svæði sem eru flokkuð sem „Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði“ (á ensku *Important Bird and Biodiversity Area (IBA)*). Þessi svæði eru talin mikilvæg vegna þess að fjölliðaðar fuglategundir reida sig á svæðin sem búsvæði, fæðu-, far- eða varpsvæði. Svæði er ekki viðurkennt sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði nema að það standist þær vísindalegu kröfur sem til þess eru gerðar. Sem dæmi má nefna Æðey, Vigur, Álftafjörð og Borgarey en allir þessir staðir eru Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA svæði) og allir eru þeir í Ísafjarðardjúpi. Þeir yrðu líklega allir illilega fyrir barðinu á áhrifum laxeldis. Það er vitað mál að laxeldi fylgir grútur og önnur mengun, sem gæti leitt til fugladauða, ekki aðeins unga heldur einnig fullorðinna fugla. Þessi mengun gæti borist í fjörur landeigenda og valdið búsfjum. Mikið er um æðarvarp á Vestfjörðum og mörg hver þeirra friðlýst með lögum. Á Vestfjörðum er æðarfugl og æðarrækt í öllum fjörðum og því full ástæða til að hafa áhyggjur af áhrifum sjókvíaeldis sem gæti stefnt tekju- og atvinnumöguleikum fjölda

fólks í voða (fskj 23).

Ísland er aðili að Ramsar- samningnum sem kveður á um verndun votlendis, þar með taldar mýrar, fen, tjarnir og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal grunnsævi með dýpi að sex metrum. Og Ísland er einnig aðili að samningi útgefnum af skrifstofu Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNEP) sem fjallar um verndun afrísk-eyrasískra sjó- og vatnafugla (fskj 24) (AEWA <http://www.unep-awea.org/en/documents/agreement-text>). Sá samningur hefur að leiðarljósi verndun búsvæða sjó- og vatnafugla og að allar framkvæmdir eða breytingar á búsvæðum þeirra séu háðar áhættumati sem byggt sé á eins góðri vísindalegri þekkingu og mögulega sé unnt að afla.


Þessi leyfisveiting er ekki í samræmi við skuldbindingar Íslands, sem tíundaðar eru í þessum samningum.

Eins og fram kemur í viðhengi frá Æðarrættarfélagi Íslands (fskj 25) þá eru friðlýst æðarvörp á þeim svæðum þar sem stóraukið sjókvíaeldi er fyrirhugað. Engar rannsóknir liggja fyrir á áhrifum sjókvíaeldis á lífríki sjávar á Íslandi og þar af leiðandi skortir forsendur til að meta hvort ákvörðun um að stórauka sjókvíaeldi geti falið í sér hættu fyrir lífríkið, þar á meðal fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls. Þá er brýn nauðsyn á vöktun starfseminnar vegna skorts á þekkingu á áhrifum hennar á lífríkið.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari sjónarmið á síðari stigum. Ennfremur að leggja fram frekari gögn. Vakni einhverjar spurningar vegna þessa erindis um frekari upplýsingar er okkur ljúft og skylt að veita þau svör sem óskað er eftir. Meðfylgjandi eru umboð.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 6. janúar 2017



Orri Vigfússon, formaður  
NASF, verndarsjóður villtra laxastofna  
Skipholti 35, 105 Reykjavík



Árni Finnsson, formaður  
Náttúrverndarsamtök Íslands



Guðrún Gauksdóttir, formaður  
Æðarrættarfélag Íslands

f. hönd Fuglaverndar  
Hólmfríður Arnardóttir

Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri  
Fuglavernd

Þorleifur Pálsson

Þorleifur Pálsson  
búsettur og starfandi í  
Ísafjarðarbæ í 48 ár

Bjarni M. Jónsson

Bjarni M Jónsson,  
sérfræðingur í strandveiðistjórnun  
Landssamtök eigenda sjávarjarða

Sveinn Loni Sölvason

Sveinn Sölvason  
Melgraseyri ehf.

Ágúst Heimir Ólafsson

Ágúst Heimir Ólafsson, Rauðamýri.

Elvar Ö Friðriksson

111189-2349

Elvar Ö Friðriksson, leiðsögumaður

F.H.

ÆNA BACMESSONAR DAS-A  
KMSB. JAKOBS 'OL. RAUÐAM  
HAMNES AENDESSONAR TUNGA

Ágúst Heimir Ólafsson

Ágúst Heimir Ólafsson f.h.

Sveinn Loni Sölvason

Sveinn Sölvason fh

Dags Jónssonar, Hafnardal  
Kt 111061-5729

Jóhanns H Siguðrssonar, Hamri  
kt. 210757-5469

Þórðar Halldórssonar, Laugarholti

Ásta Jónsdóttir  
Kl. 191159-2519

Ásta Jónsdóttir

Orri Vigfússon

Orri Vigfússon  
f.h. Iceland Outfitters

Friðleifur E. Guðmundsson  
f.h. NASF Íslandsdeild

Friðleifur E. Guðmundsson  
f.h. NASF Íslandsdeild

Viktor Guðmundsson

Viktor Guðmundsson fv formaður  
Landssambands stangaveiðimanna

Orri Vigfússon

Orri Vigfússon, formaður  
Veiðiklúbbur Íslands

Orri Vigfússon

Fh Gísla Péturs Pálmasonar og  
Stellu Guðmundsdóttur  
Heydal

**Um kærðandann NASF:**

Norður-Atlantshafslaxsjóðurinn, á ensku North Atlantic Salmon Fund (NASF), var stofnaður 27. apríl 1992 með staðfestingu frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. NASF er opin alþjóðleg stofnun og er markmið hennar að vernda og endurreisa villta laxastofna í öllum löndum norðurslóða þar sem laxveiðiár renna beggja vegna Atlantsála. Á árunum 1991-2014 hafa fjárframlög til sjóðsins frá aðildarlöndunum numið US\$ 17.087.010. Sjóðurinn gefur árlega úr ársreikning sjóðsins sem er áritaður af KPMG á Íslandi sem hefur verið endurskoðandi sjóðsins frá upphafi. Einnig er ársreikningi sjóðsins skilað til Ríkisendurskoðunar en Ríkisendurskoðun sinnir opinberu eftirliti með skilum ársreikninga sjóða með staðfesta skipulagsskrá. Meðfylgjandi er staðfesting frá Ríkisskattstjóra um stöðu og flokkun í samræmi við grein 4 (5) í lögum nr. 90/2003. (Fskj 26)

- Fskj 1 Samlegðaráhrif, samfélagsáhrif, áhrif á ferðaþjónustu og útivist, OV, NASF des 2016 og jan 2017.
- Fskj 2 Bréf Sigurðar Más Einarssonar, Hafrannsóknarstofnun til Landssambands veiðifélaga; Upplýsingar um laxastofna í ám við Ísafjarðardjúp dags 28/11/2016
- Fskj 3 Bréf frá Gísla Viggóssyni, fv. sérfræðingSiglingamálastofnunar,dags 28/12/2016 ásamt tveimur töflum, a) fjarlægð frá eldiskví til fjöruborðs laxveiðiáa dags. 28/12/2016 b) vegalengdir á sjó í milli miðju eldiskvía og árósa dags 28/12/2016
- Fskj 4 Samantekt um lax- og silungsveiði í Djúpi vestra, Ágúst Heimir Ólafsson og Atli Árdal Ólafsson, jan 2017
- Fskj 5 Málfarsskýringar frá Gísla Sigurðssyni, Dr. Phil rannsóknarprófessor við Árnastofnun, dags. 5/12/2016
- Fskj 6 Bréf frá Stefaníu Þorgeirsdóttur, formanni sérfræðinganeftdar um framandi lífverur dags.11/11/2016
- Fskj 7 Ísafjarðardjúp og Jökulfirðir bréf Þorleifs Pálssonar janúar 2017
- Fskj 8 Nú falla vötn öll til Dýrafjarðar, grein Haraldar Eiríkssonar úr Sportveiðiblaðinu
- Fskj 9 Frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða í umsagnarferli nóv 2016
- Fskj 10 Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða-drög
- Fskj 11 Ljósmynd úr Dýrafirði
- Fskj 12 Ljósmynd úr Dýrafirði
- Fskj 13 Meistaraprófsritgerð Berglindar Óskar Alfreðsdóttur, Polycyclic Aromatic Hydrocarbons in Mussel from Iceland  
<http://hdl.handle.net/1946/19893>[http://skemman.is/stream/get/1946/19893/45711/3/MS\\_BerglindOskAlfredsdottir.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/19893/45711/3/MS_BerglindOskAlfredsdottir.pdf)
- Fskj 14 Lusemiddel drepte reker – uten å etterlate spor
- Fskj 15 **The Times 2/1/2017** <http://www.thetimes.co.uk/article/toxic-war-on-salmon-lice-soars-1-0003rkn5ns9v?shareToken=ccbe180353c943e04c1aa140777a2c14>
- Fskj 16 Don Staniford 1/1/2017 Press Release: Scottish Salmon's Lethal Legacy - Ten-fold increase in toxic chemical use in ten years
- Fskj 17 Hættukort Yngvi Óttarsson

- Fskj 18 Áfangaskýrsla Jón Eyfjörð Friðriksson
- Fskj 19 Erindi og kynning Kjetil Hindar í Reykjavík í apríl 2016
- Fskj 20 DFO study confirms widespread mating of farmed, wild salmon in N.L.
- Fskj 21 Mun norskt genaregn eyðileggja íslenska laxinn? Grein Arnars Pálssonar
- Fskj 22 Nature: Farmed salmon go wild
- Fskj 23 Kort, ár við Ísafjarðardjúp
- Fskj 24 Agreement on the Conservation of African-Eurasian Migratory Waterbirds (AEWA)
- Fskj 25 Æðarfugl á Íslandi, bréf Guðrúnar Gauksdóttur, Æðarræktarfélagi Íslands
- Fskj 26 Staðfestingarbréf frá RSK
- Fskj 27 Why did the state of Alaska ban fish farms
- Fskj 28 Efnahagsleg áhrif lax- og silungsveiði og staða auðlindarinnar eftir Svein Agnarsson